

Stúdent í viðskiptafræðum skal hafa lokið prófi í fyrri hluta eigi síðar en á því almanaksári, er hann hefur verið skráður í deildina í 3 ár samfleytt, og prófi í síðari hluta eigi síðar en 6 árum eftir skráningu. Stúdent í hagfræði skal hafa lokið prófi í fyrri hluta eigi síðar en á því almanaksári, er hann hefur verið skráður í deildina í 2 ár samfleytt, og prófi í síðari hluta eigi síðar en 5 árum eftir skráningu. Deildin getur veitt undanþágu frá þessum tímamörkum, ef veikindum eða öðrum vítaleysisástæðum er til að dreifa.

Ákvæði til bráðabirgða.

Heimilt skal viðskipta- og hagfræðideild að veita stúdent, sem hefur innritast á endurskoðunarsvið fyrir gildistöku nýrrar reglugerðar, undanþágu frá ritgerð, sbr. 3. mgr. 94. gr.

Stúdentar, sem hafið höfðu nám í viðskiptadeild fyrir lok vormisseris 1988, eiga rétt á að ljúka námi sínu í samræmi við fyrri reglugerðarákvæði.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 8. júní 1988.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Knútur Hallsson.

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinna.

Forsætisráðuneytið, 3. júlí 1988.

Þorsteinn Pálsson.

Guðmundur Benediktsson.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 9. júlí 1988.

Þorsteinn Pálsson.

Guðmundur Benediktsson.